

Fundargerð ársfundar Retrieverdeildar HRFÍ 23. mars 2013.

Fundurinn var haldinn í húsakynnum HRFÍ að Síðumúla og hófst kl. 16.00, stóð til 17.30.

Frá stjórn voru mætt: Guðbjörg Guðmundsdóttir, Heiðar Sveinsson, Guðmundur A. Guðmundsson og Arnar Tryggvason en Þorsteinn Birgisson mætti ekki. Fundargestir voru 32 og þar af voru 27 skráðir í deildina.

Fundardagskrá:

1. Guðbjörg setti fund og stakk uppá fundarritara og fundarstjóra. Fundur samþykkti Þórgunni Pétursdóttur sem fundarstjóra og Heiðar Sveinsson sem ritara.
2. Farið yfir dagskrá:
 - a. Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2012 /kynning reikninga
 - b. Kosning til stjórnar
 - c. Farið yfir skráningu í nefndir.
 - d. Önnur mál
3. Guðbjörg og Guðmundur kynntu skýrslu stjórnar og reikninga og voru skýrsla og reikningar samþykktir af fundargestum.
4. Þrír af stjórnarmeðlimum höfðu setið í þau tvö ár sem þeir voru kosnir til. Það voru Guðbjörg Guðmundsdóttir, Þorsteinn Birgisson og Heiðar Sveinsson. Því voru 3 pláss laus í stjórn og höfðu þau verið auglýst laus á heimasíðu deildarinnar og á facebook síðu deildarinnar. Fjórir gáfu kost á sér, Guðbjörg og Heiðar gáfu kost á sér áfram, Þórhallur Viðar Atlason og Guðrún Rakel Svandísardóttir gáfu einnig kost á sér til stjórnarsetu. Kosið var til þessara embætta, 27 aðilar tóku þátt í kosningu og voru Gubjörg, Þórhallur og Heiðar kosin til næstu 2 ára.
5. Að þessu búnu fór Guðbjörg formaður yfir nefndir og skráningar í þær.
 - a. Veiðinefnd skipa: Albert Steingrímsson, Arnar Tryggvason, Fanney Harðardóttir, Gísli Unnsteinsson, Guðjón Páll Sigurðsson, Ingibergur G. Þorvaldsson, Ingibjörg Friðriksdóttir, Ívar Guðmundsson, Kári Heiðdal, Kristján Baldvinsson, Samúel Hermannsson og Þórhallur Viðar Atlason.
 - b. Sýningarnefnd skipa: Delía Howser, Elsa Hlín Magnúsdóttir, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Margrét Bergsveinsdóttir og Sunneva Svavarsdóttir.
 - c. Göngu og Skemmtinefnd skipa: Albert Steingrímsson, Atli Már Erlingsson, Árnmar J. Guðmundsson, Guðrún Rakel Svandísardóttir, Sigrún Guðlaugardóttir, Sunneva Svavarsdóttir og Svanhildur Skúladóttir.
 - d. Básanefnd skipa: Svava Guðjónsdóttir og Sigrún Guðlaugardóttir.

Nefndir velja sér síðan formenn til næsta árs og eins er hægt að sækja um í nefndir utan ársfunda og hætta í nefndum. Hafi félagsmenn áhuga á að draga sig úr nefndum er þeim bent á að senda póst á retriever@retriever.is. Ef breytingar verða á nefndarformönnum eru nefndarformenn beðnir að tilkynna það til formanns deildarinnar á sama netfang.

6. Önnur mál:
 - a. Það kom fram tillaga úr sal að formenn nefnda verði gerðir að stjórnendum á facebook síðu. Þetta var samþykkt.

- b. Arnar kynnti Vinnueiginleikamat sem verður haldið 30. mars og jafnframt óformlegt veiðipróf þann sama dag. Þetta verður haldið á sama stað og í fyrra. Það kom fram í umræðum að þetta mat er mikilvægt fyrir okkar yngri hunda og því mikilvægt að þeir komist að. Það er þó alls ekki bannað að mæta með fullþjálfaða hunda og er í höndum hvers og eins hvað þeir gera. Þetta var eingöngu sett fram ef um mikla aðsókn væri að ræða svo matið drægist ekki úr hófi. Halldór dómari nefndi að víðast á Norðurlöndunum væri það orðin krafa að hundar stæðust Vinnueiginleikamat til að geta tekið þátt í BFL á veiðiprófi.
 - c. Það kom fram spurning um hvort ekki væri rétt að hafa Fræðslunefnd. Var þetta í tengslum við ánægju með erindi sem haldið var í vetur um erfðir og beiðni um fram hald á erindum sem tengdust hundunum okkar. Þetta mál var ekki rætt frekar.
7. Ekki komu fram önnur mál og fundarstjóri sleit fundi.

Fundargerð ritaði, Heiðar Sveinsson